

5. - 7.
bekkur

Fjöldi
12-20

45
mín.

Tökumst á við neteinelti

Í þessu verkefni taka þátttakendur ákvörðun um möguleg svör þeirra við mismunandi aðstæðum og ræða ólíkar leiðir sem hægt er að fara til að leysa vandamálin.

Þema	Neteinelti, lýðræði, þátttaka og miðlalæsi
Aldur	5. – 7. bekkur
Stærð hóps	10 – 20 einstaklingar
Tími	45 mínútur
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að átta sig á mismunandi birtingarmyndum eineltis og tengslunum milli eineltis á netinu og utan þess.• Ræða og bera kennsl á mismunandi leiðir til að svara einelti, neteinelti og hatursorðræðu á netinu.• Vekja þátttakendur til umhugsunar á mikilvægi þess að svara.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Búðu til 4 skilti á A4 blöðum með eftirfarandi texta.<ul style="list-style-type: none">○ Gera ekkert○ Svara þeim sem leggur í einelti○ Tilkynna hegðunina○ Eitthvað annað• Settu eitt blað í hvert horn á kennslustofunni og passaðu upp á að nóg pláss sé í kennslustofunni svo nemendur geti farið á milli.

Kennsluleiðbeiningar

1. Byrjaðu á því að spyrja þátttakendur hvernig þeir túlki hugtakið einelti. Fáðu þá til að hugsa um mismunandi leiðir til að leggja aðra í einelti.
2. Bentu á skiltin í hornunum og útskýrðu að lesin verði upp nokkur dæmi og eigi þátttakendur að ákveða hvaða leið henti best því sem þau myndu gera til að leysa þetta tilfelli.
 - Gera ekkert
 - Svara þeim sem leggur í einelti, til dæmis með því að hefja umræður.
 - Tilkynna hegðunina. Tilkynna einelti til kennara, foreldra, umsjónarmanns heimasíðu eða lögreglu.
 - Eitthvað annað. Fá hugmyndir frá þeim sem velja þennan valmöguleika og sjá hvernig þau líta á málið og hvernig þau myndu leysa þetta.

3. Þegar búið er að lesa upp hvert dæmi þarf að útskýra að nemendur eigi að velja þann möguleika sem er líkastur viðbrögðum þeirra við svona tilfelli. Biddu þau um að vera hreinskilin.
4. Lestu fyrsta dæmið og gefðu þátttakendum tíma til að velja sér horn. Þegar allir eru búnir að velja sér horn veldu 2-3 í hverju horni til að svara því af hverju þeir myndu bregðast við á þann máta sem þeir völdu. Þegar það er búið og stuttar umræður búnar er næsta dæmi lesið upp og sama ferli tekur við aftur.

Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að gera samantekt á verkefninu.

- Hvernig fannst ykkur verkefnið? Hvaða dæmi fannst ykkur erfiðast að svara/eiga við og af hverju?
- Haldið þið að þetta hafi allt verið dæmi um einelti?
- Hefurðu lent í neteinelti eða orðið vitni að því? Hvað geturðu sagt um tengslin á milli eineltis á netinu og utan þess? Er einhver munur?
- Hefur verkefnið breytt hugarfari ykkar gagnvart einelti/neteinelti?
- Hvernig getur þú brugðist við neteinelti?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Ef hópurinn er stór er gott að notast við einhvern hlut sem veitir þátttakendum leyfi til að koma með sína skoðun. Hluturinn gengur svo á milli og mega einungis þeir tala sem halda á hlutum hverju sinni. Þátttakendur gætu haft áhuga á því að velja tvo valmöguleika, til dæmis að svara þeim sem leggur í einelti og tilkynna það. Ef þetta gerist verður viðkomandi að útskýra og rökstyðja hvers vegna tveir möguleikar voru valdir.
- Vertu vakandi fyrir því að einstaklingar gætu hafa orðið fyrir einelti og gerandi gæti jafnvel verið í hópnum. Gæta þarf þess að ýta ekki of mikið á þátttakendur ef þeir vilja ekki svara. Ef það eru einstaklingar í hópnum sem hafa orðið fyrir einelti getur farið svo að verkefnið fái þá til að átta sig á því að þeir þurfi stuðning. Í upphafi verkefnis er gott að nefna að þú getur veitt slíkan stuðning eða komið málinu í réttan farveg. Gott getur verið að kynna sér eineltisáætlun áður en verkefni hefst og hafa það á hreinu hvernig tilkynningum er háttað ef upp kemur að þátttakandi er þolandi eineltis.
- Ef þátttakendur hafa ekki heyrt um neteinelti og kannast ekki við skaðann sem það hefur á fólk er gott að vera með efni þar sem nemendur geta kynnt sér mismunandi leiðir sem notaðar eru til þess að leggja í einelti á netinu. (Sjá <http://www.neteinelti.is>)

Fylgigögn



Þú færð fjöldann allan af meiðandi tölvupóstum og smáskilaboðum (SMS) frá netföngum og símanúmerum sem þú kannast ekki við. Sum skilaboðin fela í sér hótanir og svo virðist sem sá sem er að leggja þig í einelti þekki þig. Hvað áttu að gera?

Nokkrir nemendur úr skólanum þínum hafa breytt ljósmyndum af þér og sett þær inn á netið með ljótum ummælum. Þú telur að þú vitir hver hafi gert þetta. Hvað geturðu gert?

Þú sérð stúlku standa grátandi eina og sér á leikvelli. Þú veist að önnur börn stríða henni því hún á við námsörðugleika að stríða og kalla hana ýmsum ljótum nöfnum. Vinir þínir eru þeir verstu þegar kemur að stríðninni og hlæja oft að henni þegar þið eruð saman. Hvað áttu að gera?

Strákur frá öðru landi byrjar í bekknum þínum. Vinir þínir byrja að stríða honum og setja brandara sem innihalda kynþáttahatur á samfélagsmiðla. Þeir reyna að fá þig til taka þátt í þessu. Hvað getur þú gert?

Kennarinn segir bekknum að sumir séu að lenda í slæmu einelti og að ráðist hafi verið á barn í bekknum sem var á leiðinni heim úr skólanum. Kennarinn biður um að þeir sem viti eitthvað um þetta ræði við sig í einrúmi. Þú telur þig vita hver var að verki en þorir ekki að stíga fram og segja frá því þú ert búin(n) að fá skilaboð með hótunum um að þú eigir ekki að skipta þér af þessu. Hvað áttu að gera?

Hópur af nemendum í bekknum þínum hefur dreift særandi orðrómi um þig á netinu. Margir samnemendur vilja ekki leika við þig, hvað þá tala við þig. Besti vinur þinn er meira að segja farinn að trúá orðrómnnum. Hvað getur þú gert?